

Alþingi
Erindi nr. P 132/1343
komudagur 14.3.2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2006
KSG/028/06


Tryggingastofnun hefur fengið þingskjal 454 - 385. mál þingsályktun um samráðsskyldu stjórnvalda við samtök fatlaðra til umsagnar. Tryggingastofnun telur samráð stjórnvalda við hagsmunasamtök hvers eðlis sem þau eru afar gagnlegt, reyndar nauðsynlegt til að tryggja farsæla stjórnsýslu og niðurstöðu mála.

Tryggingastofnun hefur frá árinu 1994 haft reglulegt samráð við samtök aldraðra og samtök öryrkja. Ekki er vafi á því að það hefur verið báðum aðilum gagnlegt. Á samráðsfundum eru upplýsingar veittar, skipst á skoðunum og leitað lausna á málum.

Í dag er samráð skipulegt þannig að samráðsfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, en oftast sé þess óskað. Um tíma var sá háttur hafður á að óska skyldi samráðsfundar þegar einhver mál kæmu upp. Reyndin var sú að þá varð lengra á milli samráðsfunda og "takturinn tapaðist", tortryggni jókst og samstarf varð stíðara. Þess vegna var ákveðið sem fyrr getur að halda samráðsfundi með reglulegum hætti.

Tryggingastofnun er meðmælt því að skipað verði nefnd til að móta tillögur um það hvernig samráð stjórnvalda við samtök fatlaðra verði best háttað. Samráð og góð samvinna tryggir að sjónarmið þeirra er eldurinn brennur hvað heitast á komist til skila.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri.

TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS

